



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

## **Ársfundur KÍ 19. apríl 2013 samþykkir eftirfarandi ályktun:**

### *Ályktun um launaþróun*

Ársfundur Kennarasambands Íslands haldinn á Grand Hótel 19. apríl 2013 lýsir alvarlegum áhyggjum af launaþróun kennara í skólum landsins. Launaþróun félagsmanna KÍ hefur alls ekki verið í samræmi við markmið kjarasamninga um sambærileg kjör þeirra og samanburðarhópa. Um 16% munur er nú á dagvinnulaunum í framhaldsskólum og dagvinnulaunum hefðbundinna viðmiðunarhópa og enn meiri munur er til staðar í leik-, grunn- og tónlistarskólum.

Kennarastéttin hefur búið við langvarandi vanmat á menntun til launa hvort sem er á uppgangs- eða krepputímum. Það er löngu tímabært að menntun sé metin að verðleikum af viðsemjendum KÍ, ríki og sveitarfélögum.

Kennarinn er háskólamenntaður sérfræðingur og á að hafa laun í samræmi við það. Fundurinn krefst þess að stjórnvöld, ríki og sveitarfélög sem og Alþingi geri skólunum kleift að bjóða starfsfólki kjör sem standast samanburð.